

Dómsorð:

Stefndi, Fiskimjölsværksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f, greiði stefnanda, Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, kr. 3.663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1. marz 1967 til 20. nóvember sama ár, en af kr. 3.663.902.54 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að dögum.

Fimmtudaginn 18. maí 1972.

Nr. 133/1971. **Vagn E. Jónsson** hæstaréttarlögmaður
(sjálfur)

gegn

**Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús
Vátryggingafélagsins h/f og gagnsök**
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenður:

**hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og
Magnús Þ. Torfason, Einar Ingimundarson sýslumaður og
Guðmundur Jónsson borgardómari.**

Úthlutun uppboðsandvirðis. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., en áfrýjunarstefnan var birt 29. október 1971. Krefst hann þess, að honum verði greiddar kr. 104.462.00 af uppboðsandvirði því, er uppboðsréttur Reykjavíkur hefur í vörzlum sínum vegna nauðungaruppboðs á lausafé, sem fram fór að kröfu aðaláfrýjanda 23. maí 1970 samkvæmt fjárnámi, er gert var hjá Vátryggingafélaginu h/f 10. desember 1969. Hann krefst og 7% ársvaxta af kr. 100.000.00 frá 15. september 1967 til

3. desember 1969 og af kr. 90.000.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu með stefnu 17. nóvember 1971, krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar að öðru leyti en því, að hann gerir kröfu um, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði úr hendi aðaláfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að fjárheimtu þá, sem í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, hafi hann haft með höndum fyrir Eggert Sigurmundsson, Auðsholtshjáleigu í Ölfushreppi, og samkvæmt innheimtuumboði frá honum.

Lagt hefur verið fram í Hæstarétti endurrit úr skiptabók Reykjavíkur af bókun, gerðri á skiptafundi í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f 10. nóvember 1970. Segir þar m. a. svo:

„Skiptaráðandi gerði grein fyrir uppboðssölu á eignum Vátryggingafélagsins h.f. og skýrði frá, að hann hafi óskað þess við uppboðshaldara, að uppboðsandvirði yrði eigi greitt uppboðsbeiðanda, fyrr en skiptafundur hefði fjallað um málið. Skjöl uppboðsmálsins liggja fyrir, og las skiptaráðandi upp bréf Vagns E. Jónssonar hrl., dags. 4. sept. 1970.

Leitað var álits fundarmanna um það, hvort búið ætti að gera tilkall til uppboðsfjárins og krefjast úrskurðar um það atriði í uppboðsrétti, ef með þarf.

Málið gekk til atkvæðagreiðslu. Með tillögu að gera kröfu til fjárins voru Þorsteinn Geirsson hdl., Þórhallur Sæmundsson hrl., Valgarð Briem hdl., Steingrímur Aðalsteinsson. Á móti greiddi atkvæði Grétar Haraldsson hdl., sem mætir á fundinum fyrir Guðmund A. Guðmundsson o. fl.

Pegar atkvæðagreiðsla fór fram, voru aðeins tveir úr hópi kröfuhafa eftir á fundinum auk þeirra, er atkvæði greiddu, voru það þeir Egill Gestsson og Jónas Aðalsteinsson hrl.

Skiptaráðandi lýsti því yfir, að í samræmi við atkvæðagreiðsluna yrði gerð krafa í uppboðsandvirðið. Skiptafundur samþykkti að fela Jóhannesi L. L. Helgasyni hrl. að fara með málið fyrir hönd búsins, ef til málshöfðunar kæmi“.

Lausafjármunum þeim, sem í málinu greinir, hafði aðaláfrýjandi komið úr vörzlum Vátryggingafélagsins h/f innan þess frests, sem settur er í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 19/1887, og áður en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 13. marz 1970. Gekk aðfararveðréttur aðaláfrýjanda fyrir rétti þrotabúsins, nema riftingarreglur gjaldþrotaskiptalaga nr. 25/1929 leiddu til annarrar niðurstöðu. Hinir fjárumdu munir voru seldir nauðungarsölu 23. maí 1970 án andmæla af hendi gagnáfrýjanda, og hefur nauðungaruppbóðinu ekki verið áfrýjað. Ágreiningur málsaðilja er um úthlutun uppboðsandvirðisins, og krefst gagnáfrýjandi þess sér til handa, þar sem rifta hafi mátt fjárnáminu samkvæmt ákvæðum 22. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. laga nr. 57/1949 skal uppboðshaldari úthluta uppboðsandvirði. Verður eigi fallið á þá úrlausn uppboðshaldara, að framangreint uppboðsandvirði skuli renna til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, sem síðan úrskurði um úthlutun þess í stað uppboðshaldara. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og vísa málinu aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er málinu vísað aftur til uppboðsréttarins til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. júní 1971.

Sóknaraðili, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafizt þess, að honum verði greiddar kr. 139.662.00 af uppboðsandvirði lausafjármuna, er seldir voru á nauðungaruppbóði 23. maí 1970 að kröfu hans, samkvæmt fjárnámi, er hann lét fram fara hjá Vátryggingafélaginu h/f hér í borg. Þá krefst hann dráttarvaxta, 1% á mánuði af kr. 90.000.00 frá 1. janúar 1971 til greiðsludags. Hann krefst þess, að sér verði úrskurðaður máls-

kostnaður úr hendi varnaraðilja vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Varnaraðili, skiptaráðandinn í Reykjavík, hefur gert þær réttarkröfur, að kröfum sóknaraðilja verði vísað á bug og sér f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f afhent allt uppboðsandvirðið, kr. 144.582.00. Hann krefst málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór hinn 9. þ. mán.

Hinn 18. september 1969 lét sóknaraðili máls þessa, Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður, fram fara löghaldsgerð hjá Vátryggingafélaginu h/f hér í borg til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 90.000.00 auk vaxta og kostnaðar, og byggðist löghaldskrafan á veðskuldabréfi, útgefnu af Guðmundi A. Guðmundssyni o. fl. í vélskipinu „HILDI“, sem fórst á árinu 1968. Hafði Vátryggingafélagið h/f með sérstakri yfirlýsingu tekið að sér að greiða veðskuldina, en greiðsla brást af þess hendi. Var staðfestingarmál höfðað á hendur hlutafélaginu með stefnu, útgefinni 23. september 1969, og gekk dómur bæjarþings Reykjavíkur hinn 3. október 1969. Var löghald staðfest og hlutafélaginu gert að greiða kr. 90.000.00 ásamt 7% ársvöxtum af kr. 100.000.00 frá 15. september 1967 til 3. desember 1969, en af kr. 90.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 12.590.00 í málskostnað.

Hinn 10. desember 1969 var síðan tekið fyrir að gera fjárnám hjá Vátryggingafélaginu til tryggingar dómkröfunum. Var gert fjárnám í húseigninni Borgartúni 1, 10 skrifborðum, 3 IBM ritvélum, 2 Smith Corona ritvélum, 2 Frieden reiknivélum og 1 Smith Corona reiknivél. Var að sinni frestað að láta vörzlusviptingu hins fjárnumda fara fram. Sjá rskj. 3 í málinu.

Fjárnámssgerðin er endurupptekin hinn 27. febrúar 1970, og fékk fjárnámshafi þá umráð ýmissa hinna fjárnumdu muna. Hann bað síðan um uppboð kröfum sínum til lúkningar hinn 13. marz 1970.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 13. marz, sama dag og uppboðsbeiðni sóknaraðilja, Vagns E. Jónssonar, er dagsett, var bú Vátryggingafélagsins h/f tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Sjá rskj. nr. 10 í máli þessu.

Nauðungaruppboð á hinu fjárnumda fór fram samkvæmt kröfu sóknaraðilja hinn 23. maí 1970, og hefur uppboðsgerðin sjálf engum andmælum sætt, og til útborgunar koma samkvæmt bókum uppboðsréttarins kr. 144.582.00. Sjá hér rskj. 11 og 12.

Unnsteinn Beck borgarfégeti, sem hefur með höndum skipta-

meðferð þrotabús Vátryggingafélagsins h/f, var viðstaddur á uppboðinu og lét f. h. þrotabúsins færa til bókar, að með tilvísun til 22. greinar laga nr. 25/1929 gerði hann þann fyrirvara, að uppboðsbeiðanda verði ekki greitt andvirði sölu hinna fjárumdu muna, fyrri en lögmætum skiptafundi í þrotabúinu hafi gefizt kostur að tjá sig um það, hvort fjárnámið haldi gildi gagnvart búinu.

Hefur Vagn E. Jónsson hæstaréttarlögmaður krafizt þess, að uppboðshaldari greiði sér kröfu sína af uppboðsandvirði, og hefur verið rekið sérstakt uppboðsréttarmál um ágreininginn, og er það mál hér til úrskurðar.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar þannig, að hvorki hafi verið áfrýjað dómi bæjarþingsins né eftirfarandi fjárnámi á hendur Vátryggingafélaginu h/f. Fjárnám hafi farið fram, löngu áður en hlutafélagið varð gjaldþrota. Fjárnám falli ekki niður eo ipso við gjaldþrot gerðarþola, heldur hafi þrotabúið undir vissum kringumstæðum heimild til að rifta því. Skiptafundur hafi þó ekki farið þessa leið og sé raunar útilokað að rifta fjárnámi, eftir að uppboð fer fram. Vera megi, að ekki hefði átt að halda þetta uppboð, en það hafi þó verið gert, og geti uppboðshaldari ekki breytt gerð sinni, sem fram fór í maí 1970. Þessari uppboðsgerð hafi ekki verið breytt með áfrýjun og lög heimili ekki riftun hennar, eins og fjárnámi megi rifta. Uppboðið hafi farið fram einvörðungu að sinni kröfu, ekki að kröfu skiptaréttarins, og sé heimildarlaust að greiða öðrum af því, fyrri en uppboðskröfu sinni hafi verið fullnægt með vöxtum og kostnaði, eins langt og uppboðsandvirði hrökkvi til.

Af varnaðarilja hálfu er á það bent, að stefna í máli sóknaraðilja gegn Vátryggingafélaginu h/f hafi verið birt 23. september 1969 og líði þannig ekki 6 mánuðir, unz hlutafélagið varð gjaldþrota. Sé því ljóst, að 22. gr. gjaldþrotaskiptalaga eigi við um þessa kröfu hans. Þá er vitnað í 33. og 35. grein laga nr. 3/1878 og staðhæft, að sú sé reglan, að eftir upphaf gjaldþrotaskipta á búi manns sé einstökum kröfuhöfum fyrirmunað að fá greiðslu á kröfum sínum með öðru móti en með atbeina skiptaréttar og allar kröfur í bú skuli bornar upp fyrir honum. Þá banni 34. grein sömu laga, að nauðungaruppboð til lúkningar skulda-kröfum verði haldin, eftir að skipti eru hafin, en samkvæmt 87. gr. skuli veðbundnir munir búsins seldir á löglegan hátt eftir ráðstöfun skiptaráðanda. Sýnist ljóst, að eins og hinir fjárumdu munir voru að sjálfsögðu eign Vátryggingafélagsins h/f, áður en

gjaldprot þess bar að höndum, verði uppboðsandvirðið, er í stað þess kom, eign búans og sé því heimildarlaust, að uppboðshaldari láti það ganga annað en til skiptaráðanda, sem síðan greiði það rétthafa.

Fjárnuminn hlutur er eftir sem áður eign gerðarpóla, allt þar til hann er öðrum sleginn á nauðungaruppboði, og að sama skapi er uppboðsandvirði, sem þannig kemur í stað hins fjárnumda, eign uppboðspóla, allt þar til uppboðshaldari greiðir það réttum kröfuhafa. Við gjaldprot gerðarpóla fjárnáms kemur bú hans í hans stað sem aðili þessara eignarréttinda, bæði að hinum fjárnumdu munum og að uppboðsandvirði, ef því er að skipta. Eins og uppboðshaldari átti samkvæmt 46. gr., sbr. 34. gr. uppboðslaga að úthluta og úrskurða um úthlutun uppboðsandvirðis, ef gjaldprot uppboðspóla hefði ekki borið að, þannig á skiptaráðandi eftir gjaldprot þessa aðild og úrskurð samkvæmt 33., 34. og 35. gr. skiptalaga, sbr. 90. grein sömu laga. Kemur ekki til mála, að skiptaréttur hafi firrt sig neinum rétti hér að lútandi, þó hann léti út af fyrir sig óátalið í þessu máli, að uppboð yrði haldið samkvæmt beiðni sóknaraðilja, enda áskildi skiptaráðandi þrotabúinu rétt til uppboðsandvirðis.

Samkvæmt þessu verður að telja, að uppboðsréttinum sé ekki heimilt að láta uppboðsandvirði renna til annarra en skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f, sem síðan úthlutar því samkvæmt lagareglum, sem ekki heyrir undir uppboðsrétt að úrskurða um. Er kröfum sóknaraðilja þannig vísað á bug.

Rétt er, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja er hafnað, og gengur uppboðsandvirði til skiptaráðanda í þrotabúi Vátryggingafélagsins h/f.

Málskostnaður fellur niður.